

Mál nr. 515/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. slysatryggingar

Maður féll á hálu gólfi þegar hann kom úr baði. Sönnun þ. 22.5.2011.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.20.11.2012 ásamt fylgiskjölum 1-8
2. Bréf V dags. 4.12.2012.

Málsatvik.

M segist hafa fallið á hálu gólfi eftir að hann kom úr sturtu með þeim afleiðingum að hann hlaut áverka á hægri handlim, á andliti og tönnum. M krefst bóta úr slysatryggingu sinni hjá V vegna þessa. Af hálfu M er vísað til þess að V hafi viðurkennt bótaskyldu vegna slyssins með því að greiða M bætur vegna tjóns á tönnum sem varð í fallinu. Þá segir að M hafi fundið fyrir verkjum í hægri handlim en reynt að harka af sér og ekki leitað til læknis vegna þess fyrr en 31.10.2012. Þann 11.1.2012 var tekin röntgenmynd af M og þá kom fram brot á ölnarbeini í handleggnum. Af hálfu M er á því byggt að M hafi ekki fundið til verkja fyrir slysið þ. 22.5.2011. V hafnar bótaskyldu og segir að M hafi verið í töluverðum samskiptum við starfsfólk V eftir slysið vegna uppgjörs á slysabótum vegna tannbrots og aldrei minnst á að hann hafi slasast á handlegg í slysinu og hafi V fyrst borist tilkynning um það þ. 30.1.2012. V segist hafa viðurkennt bótaskyldu úr slysatryggingu M hjá V vegna tannbrots en hafnað bótaskyldu vegna áverka á handlegg þar sem ósannað sé að M hafi hlotið þann áverka í slysinu þ. 22.5.2011. V bendir á að M hafi fyrst leitað læknis vegna þessa 5 mánuðum eftir slysið þ. 22.5.2011 og engin samtíma læknisfræðileg gögn staðfesti tengsl milli slyssins og áverka á handlegg. V telur því að það sé ósannað að M hafi hlotið það tjón á handlegg sem bótakrafa hans í málinu varðar.

Álit.

Ekki liggja fyrir samtíma læknisfræðileg gögn sem sýna fram á áverka á hægri handlegg M eftir slysið þ. 22.5.2011. M kvartar ekki vegna þessa og leitar ekki til læknis fyrr en rúmum 5 mánuðum eftir slysið. Miðað við fyrirliggjandi gögn er ekkert sem sýnir fram á eða sannar að M hafi hlotið umræddan áverka í slysinu. M á því ekki rétt á bótum úr slysatryggingu sinni hjá V vegna áverka á hægri handlim.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum vegna áverka á hægri handlim.

Reykjavík 19.12.2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.